

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup
(innkaup á sviði öryggis- og varnarmála).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrafn Hlynsson og Guðrúnu Ögmundsdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um opinber innkaup þess efnis að ráðherra skuli mæla fyrir um innkaup á sviði varnar- og öryggismála í reglugerð. Gert er ráð fyrir að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og breytingar á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB verði innleiddar með reglugerð á grundvelli heimildarinnar.

Ákvæði tilskipunar 2009/81/EB eru til þess fallin að stuðla að því að samræma evrópska löggjöf um innkaup á samningum á sviði varnar- og öryggismála og auðvelda samningsstofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins að fara í útboð á vöru-, þjónustu- og verksamningum á þessu sviði. Nefndin bendir þó á að engu síður munu samningar sem krefjast sérstaklega strangrar þagnarskyldu vera undanþegnir útboðsskyldu, ef það er réttlæt看legt á grundvelli almannaöryggis eða nauðsynlegt til að gæta mikilvægra öryggishagsmuna ríkisins.

Tilskipun 2009/81/EB er að mestu leyti efnislega hliðstæð almennu innkaupatilskipuninni 2004/18/EB sem innleidd var með lögum nr. 84/2007 en vikur frá þeim reglum sem gilda um innkaup á sviði varnar- og öryggismála. Nefndin vekur athygli á að helstu nýmæli tilskipunarinnar eru annars vegar að samningskaup, að undangenginni auglýsingu, skuli vera það innkaupaferli sem að jafnaði skal nota við innkaup á varnar- og öryggisbúnaði og hins vegar að reglur tilskipunarinnar heimila að í útboðinu séu gerðar ítarlegar kröfur um afhendingar- og upplýsingaöryggi. Loks er með tilskipuninni kveðið á um breytingar á annars vegar 10. gr. áður nefndrar tilskipunar 2004/18/EB og hins vegar tilskipun 2004/17/EB, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð 755/2007 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Snúa þær breytingar að beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga.

Nefndin vekur athygli á að fyrir nefndinni komu ekki fram neinar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 12. mars 2014.

Frosti Sigurjónsson,
form.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
frsm.

Pétur H. Blöndal.

Willum Þór Þórsson.

Árni Páll Árnason.

Guðmundur Steingrímsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Vilhjálmur Bjarnason.

Líneik Anna Sævarsdóttir.